

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.  
Teitur Gunnarsson  
Laugavegur 178  
105 Reykjavík

2000020010  
8719; 9310

Reykjavík, 20. júlí 2000  
/--

**Efni: Nesjavallavirkjun, áfangi 4b. Stækkun rafstöðvar úr 76 í 90 MW. Ákvörðun  
Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur móttekið 21. júní 2000 þar sem samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun stækkunar rafstöðvar Nesjavallavirkjunar, áfanga 4b úr, 76 í 90 MW.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Bárust umsagnir frá Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi dags. 12. júlí 2000, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 11. júlí, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 15. júlí 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 11. júlí og veiðimálastjóra með bréfi dags. 26. júní 2000.

Grímsnes- og Grafningshreppur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri gera ekki athugasemdir við tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Í tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun kemur fram að fyrir liggur að vegna stækkunar Nesjavallavirkjunar áfanga 4a verði keypt 30 MW vélasamstæða sömu gerðar og þær tvær sem fyrir eru. Lagaheimildir séu þó aðeins fyrir 16 MW stækkun virkjunarinnar í þeim áfanga. Áfangi 4b, sem hér um ræði, felist í því að fullnýta vél- og rafbúnað sem fyrir hendi er og auka afköst virkjunarinnar um 14 MW.

Í umsögn iðnaðarráðuneytisins kemur fram að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita Hitaveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 76 MW afli, í tveimur áföngum. Iðnaðarráðherra hafi ekki veitt leyfi til raforkuvinnslu umfram 60 MW á grundvelli ofangreinds heimildarákvæðis. Þá bendir ráðuneytið enn fremur á að í umræddri lagaheimild sé gert ráð fyrir tveimur 38 MW áföngum.

Iðnaðarráðuneytið telur að stækkun rafstöðvar Nesjavallavirkjunar, áfangi 4a, úr 60 í 76 MW og áfangi 4b, úr 76 í 90 MW sé einn áfangi, þ.e. uppsetning nýrrar 30 MW vélasamstæðu.

Iðnaðarráðuneytið gerir ekki athugasemdir við lýsingu á framkvæmdum og framkvæmdasvæði vegna áfanga 4b og upplýsingar um skipulag en telur að kanna þurfi betur ástæður áfangaskiptingar framkvæmda við stækkun Nesjavallavirkjunar og lagaheimild vegna framkvæmdanna.

## Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í úrskurði umhverfisráðherra dags. 6. september 1996 um mat á umhverfisáhrifum orkuvers á Nesjavöllum kemur fram að allt að 70 - 80 MW raforkuvinnsla í tengslum við framleiðslu hitaorku við orkuverið falli ekki undir lög nr. 63/1993 um matskyldar framkvæmdir, þar sem leyfi til framleiðslunnar hafi legið fyrir áður en lög um mat á umhverfisáhrifum öðluðust gildi.

Í samræmi við 8. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir tillögu Orkuveitu Reykjavíkur að matsáætlun sem lögð var fram af hálfu Orkuveitunnar 21. júní 2000. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila, að fengnum umsögnum Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra og í ljósi úrskurðar umhverfisráðherra, fellst Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum stækkunar rafstöðvar Nesjavallavirkjunar, áfanga 4b úr, 76 í 90 MW.

Skipulagsstofnun bendir á að í ljósi beinna tengsla áfanga 4a og 4b við stækkun Nesjavallavirkjunar hefði verið æskilegt að meta saman umhverfisáhrif beggja áfanganna sem einnar heildar.

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl:

1. Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps
2. Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
3. Umsögn iðnaðarráðuneytisins
4. Umsögn Náttúruverndar ríkisins
5. Umsögn veiðimálastjóra

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Teits Gunnarssonar, VGK hf:  
Umhverfisráðuneytið  
Iðnaðarráðuneytið  
Grímsnes-og Grafningshreppur  
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
Náttúruvernd ríkisins  
Veiðimálastjóri

